# Auglýsinga- og kynningar-blað skíðamanna 1983

Útgefandi: Ferðasjóður skíðamanna, Ísafirði



## Fréttir frá Skíðaráði Ísafjarðar

Aðalfundur Skíðaráðs Ísafjarðar var haldinn 23. október s.l. Stjórnina skipa nú Sigurður Gunnarsson, Þorlákur Baxter, Páll Sturlaugsson, Hermann Hákonarson, Gautur Stefánsson, Garðar Sigurgeirsson og Hafsteinn Ingólfsson.

## Mótaskrá veturinn 1984

| Dags. | Mót, keppnisgrein | Mótshaldari |
|---|---|---|
| 28. — 29. jan. | Bikarmót í Reykjavík, alpagreinar fullorðinna | |
| 4. — 5. febr. | Grænagarðsbikarinn, svig | Ármann |
| 4. — 5. febr. | Boðganga | Skíðafél. |
| 11. — 12. febr. | Bikarmót Akureyri, alpagreinar fullorðinna | S.R.A. |
| 11. — 12. febr. | Bikarmót Siglufirði, ganga fullorðinna | S.S.S. |
| 11. — 12. febr. | Vestfjarðamót, svig 13 — 16 ára | Hörður |
| 11. — 12. febr. | Vestfjarðamót, svig 12 ára og yngri | Vestri |
| 18. febr. | Bikarmót unglinga, alpagreinar | S.R.Í. |
| 25. — 26. febr. | Bikarmót Húsavík, alpagreinar fullorðinna | S.K.Í.V. |
| 25. — 26. febr. | Bikarmót Akureyri, ganga og stökk allir flokkar | S.R.A. |
| 25. — 26. febr. | Ólafsmót, ganga og svig 12 ára og yngri | Foreldraráð |
| 3. — 4. mars | Bikarmót Húsavík, alpagreinar unglinga | S.K.Í.V. |
| 3. — 4. mars | Vestfjarðamót, ganga allir flokkar | Ármann |
| 10. — 11. mars | Bikarmót Ísafirði, alpagreinar + ganga allir flokkar | S.R.Í. |
| 17. — 18. mars | Bikarmót Akureyri, alpagreinar 13 — 14 ára | S.R.A. |
| 17. — 18. mars | Bikarmót Reykjavík, alpagreinar 15 — 16 ára | S.K.R.R. |
| 17. — 18. mars | Harðargangan | Hörður |
| 17. — 18. mars | Fyrirtækjakeppni í boðgöngu | S.R.Í. |
| 17. — 18. mars | Vestfjarðamót, svig 17 ára og eldri | Skíðafél |
| 21. mars | Hnífsdalsgangan, trimmganga | S.R.Í. |
| 24. — 25. mars | Bikarmót Siglufirði, alpagreinar fullorðinna | S.S.S. |
| 24. — 25. mars | Bikarmót Ólafsfirði, ganga og stökk allir flokkar | Ú.Í.Ó. |
| 29. — 30. mars | Lions mót, svig og ganga 12 ára og yngri | Lionskl. |
| 29. — 1. apríl | Unglingameistaramót Íslands, Siglufirði | S.S.S. |
| 7. — 8. apríl | Vestfjarðamót, stórsvig 12 ára og yngri | U.M.F.B. |
| 7. — 8. apríl | Vestfjarðamót, stórsvig 17 ára og eldri | Skíðafél. |
| 7. — 8. apríl | Lavaloppet, alþjóðleg trimmganga Reykjavík | S.K.Í. |
| 14. — 15. apríl | Firmakeppni S.R.Í. | Foreldraráð |
| 14. — 15. apríl | Öldungamót Akureyri, alpagreinar og norrænar greinar | S.R.A. |
| 19. — 22. apríl | Skíðamót Íslands, Akureyri | S.R.A. |
| 29. — 1. maí | Andrésar Andar leikar, Akureyri | S.R.A. |
| 29. — 30. apríl | Vormót Foreldraráðs | Foreldraráð |
| 5. — 6. maí | Fossavatnsgangan | Skíðafél. |

Starf ráðsins verður í aðalatriðum með sama hætti og áður. Búið er að raða niður skíðamótum vetrarins og æfingar hefjast eftir áramót með sama hætti og í fyrra. Í sumar hefur Einar Ólafsson stjórnað æfingum fyrir gönguliðið og frá því í september hefur Bjarni Jóhannsson verið með þrekæfingar fyrir alpagreinaliðið. Því miður tókst ekki að koma á æfingum fyrir yngstu flokkana og er það miður. Í vetur mun Þröstur Jóhannesson þjálfa gönguliðið en erfiðara hefur reynst að fá alpagreinaþjálfara en þó er heldur að rofa til í þeim efnum nú og fáum við þjálfara hingað í byrjun janúar. Í vetur verður haldið Bikarmót unglinga hér og Þorramótið verður hér að vanda, en þetta eru helstu mótin hér í vetur. Ennfremur verða innanhéraðsmót um hverja helgi sem aðildarfélög S.R.Í. sjá um í samráði við S.R.Í.

Með auknu starfi verður kostnaður við rekstur ráðsins sífellt meiri og meiri. Það fer því alltaf meiri og meiri tími í fjáröflun og má segja að það sé eitt aðalverkefni stjórnar S.R.Í. Í Vetur er ætlunin að fá sjálfboðaliða til að hjálpa okkur við rekstur á Pylsuvagninum, en hann verður opinn á föstudögum og laugardögum og ef einhverjir foreldrar þeirra barna sem stuna æfingar á vegum S.R.Í. hafa áhuga á að veita okkur lið er það vel þegið.

Þó fjáröflun taki mikinn tíma þá á aðalverkefni stjórnar ráðsins að vera að stuðla að uppgangi skíðaíþróttarinnarhér í bænum. Við teljum að við höfum gert margt gott, þó að margt hafi mátt betur fara. Aukinn aðsókn á skíðanámskeið S.R.Í. og aukinn þátttaka í mótum sýna okkur að ef rétt er á málum haldið þurfum við ekki að kvíða framtíðinni hvað keppnisfólk varðar.

Við í stjórn S.R.Í. höfum eins og fleiri mikinn áhuga á skíðaíþróttinni og viljum veg hennar sem mestan. En til að skapa góða skíðamenn þarf góða aðstöðu. En það þarf líka áhuga, og það þarf að stunda æfingar vel. Við þurfum því að stuðla að bættri aðstöðu fyrir skíðafólk okkar á Seljalandsdal. Seljalandsdalur hefur oft verið kallaður „Paradís ísfirskra skíðamanna“ og er það rétt. En verði ekki haldið áfram þeirri uppbyggingu sem þar hófst fyrir allmögum árum verður þess ekki langt að bíða að við drögumst afturúr hvað aðstöðu varðar. Það er ekki nóg að gera áætlanir um uppbyggingu fleiri ár fram í tímann, þegar ekkert er gert. Við í stjórn S.R.Í. vonum því að ekki verði frekari dráttur á áframhaldandi uppbyggingu á skíðasvæðinu.

Eins og áður hefur komið fram verða haldin hér tvö Bikarmót í vetur. Til að það megi takast þarf samstilltan mannskap. Það hefur alltaf tekist að fá gott fólk til að starfa á skíðamótum hér á Ísafirði og vonumst við því til að þeir sem til verði leitað verði okkur hjálplegir í vetur því það er okkar stolt að halda góð skíðamót.

Í sameiningu skulum við stuðla að því að gera hlut ísfirskra skíðamanna sem stærstan á skíðamótum vetrarins. Að lokum vil ég þakka öllum þeim fjölda einstaklinga svo og fyrirtækja er studdu okkur í starfi s.l. vetur veittan stuðning.

Með von um bjarta framtíð í skíðamálum hér í bæ.

Sigurður Gunnarsson
form. S.R.Í.

LANDSBÓKASAFN
373040

Óskum starfsfólki
og viðskiptamönnum
gleðilegra jóla og nýárs
með þökk fyrir samstarfið
og viðskiptin á liðnu ári.



**Uppsalir**

Óskum
ísfirsku
skíðafólki
velfarnaðar
á komandi
vetri.

GUNNAR OG
EBENESER HF.




# KREDITKORTIÐ SEM GILDIR Í 149 LÖNDUM UM ALLAN HEIM

ÚTVEGSBANKI ÍSLANDS
ÚTIBÚIÐ Á ÍSAFIRÐI



**eev**

**Óskum starfsmönnum og viðskiptamönnum gleðilegra jóla og nýjárs með þökk fyrir samstarfið og viðskiptin.**

**Eiríkur og Einar Valur S/F**
Byggingarverktakar
Ísafirði

★

TRÉSMÍÐA-
VERKSTÆÐI

Arnórs
Stígssonar
Hlíðarvegi 32
sími 3539

# HRÖNN HF.
# ÍSAFIRÐI

**Óskum starfsmönnum
og viðskiptamönnum
gleðilegra jóla
og farsæls komandi árs.**



***NIÐURSUÐU-
VERKSMIÐJA
O.N. OLSEN***

# Til umhugsunar

## *Skíðakort gegn vímugjöfum*

Dr. Gianni Marzola forseti ,,Superski Dolomiti" lyftufélagsins, sem á 46 lyftur í Suður-Tyrol í Val Gardena og þar um kring, hefur komið því á að allir grunnskólanemendur fá lyftukort fyrir veturinn á 250 krónur, og gildir það á öllu svæðinu.

*Rök Marzola:* ,,Íþróttir eru besta ráðið gegn leiðindum, vímugjöfum og glæpum sem leiða þar af. Við verðum að gefa æskunni tækifæri til skíðaiðkana".

## SUNDHÖLLIN

***Til og með 14. des. verður opið:***

Sunnudaga kl. 10:00—12:00
Mánudaga kl. 7:15—8:00, 17:00—18:30,20:00—21:00
Þriðjudaga kl. 7:15—8:00, 17:00—18:30, 20:00—21:00 (konur)
Miðvikudaga kl. 7:15—8:00, 17:00—18:30, 20:00—21:00
Fimmtudaga kl. 7:15—8:00, 17:00—18:30, 20:21:00 (fullorðnir)
Föstudaga kl. 7:15—8:00, 17:00—18:30, 20:00—21:00
Laugardaga kl. 10:00—12:0 og 13:00—16:00
*Gildir meðan skólasund er*

***Frá 15. des. til 5. jan. '84 verður opið þannig:***

Sunnudag kl. 10:00—12:00
Mánudaga kl. 7:15—10:00, 16:00—18:30, 20:00—21:00
Þriðjudaga kl.7:15—10:00, 16:00—18:30, 20:00—21:00 (konur)
Miðvikudaga kl. 7:15—10:00, 16:00—18:30, 20:00—21:00
Fimmtudaga kl. 7:15—10:00, 16:00—18:30, 20:00—21:00
Föstudaga kl. 7:15—10:00,16:00—18:30, 20:00—21:00
Laugardaga kl. 10:00—12:00 og 13:00—16:00.

*SUNDHÖLL ÍSAFJARÐAR*

●

Búðanes
útgerðarfélag

ORKUBÚ VESTFJARÐA



**ÓSKUM ÍSFIRSKU SKÍÐAFÓLKI
GÓÐS GENGIS Á KOMANDI VETRI.**

*Bergþóra Sigurðardóttir:*

# Trimm, hvað er það?

Trimm, hvað er það? Er það ekki það erfiði, sem við þurfum að bæta inn í lífið, síðan kaffikannan fór að hella upp á sig sjálf. Hætt var að þvo þvott á þvottabretti og ganga milli bæja.

Það eru þrjátíu ár síðan að breskir læknar sýndu fram á að strætisvagnabílstjórum var hættar við hjartaslagi en bréfberum og farið var að gera því skóna að hreyfing væri holl. Maðurinn er ekki eins og vél, sem slitnar við álag, heldur þvert á móti eykst hæfni ýmissa líffærakerfa við aukna áreynslu. Þetta á ekki síst við um vöðva og bein, sem rýrna á ótrúlega skömmum tíma við legu, en styrkjast við líkamlega áreynslu.

Við getum skipt æfingum í kraftæfingar, þolæfingar og liðleikaæfingar. Kraftæfingar miða að því að byggja upp einstaka vöðva eins og hjá lyftingamönnum og spretthlaupurum. Þolæfingar eru t.d. langhlaup, sund hjólreiðar og skíðaganga. Liðleika og liðamótaæfingar þurfa að fygja þessu hvoru tveggja ef vel á að vera til að auka mýkt og koma í veg fyrir tognanir og eru öllum til góðs. Allar þessar æfingar geta á sinn máta aukið heilbrigði og lífsánægju en það eru eingungis þolæfingar sem hafa gildi fyrir hjarta og æðakerfi. Talið hefur verið að hjartsláttur= púls hraði þurfi að verða 180 mínus aldur til að auka þol og hjarta og æðakerfis.

Sá sem lítið hefur hreyft sig og fer með offorsi út í æfingaprógram verður gjarnan fyrir vonbrigðum. Hann mæðist fær hjartaslátt, strengi í útlimi og í staðinn fyrir að vinna þetta úr sér með áframhaldandi æfingum, gefst hann upp. Ekki svo að skilja að hiklaust sé hægt að mæla með erfiðum líkamsæfingum fyrir hvern sem er.

Skyndileg áreynsla getur verið hættuleg sumum þeim sem komnir eru á miðjan aldur, hafa stundað kyrrsetu vinnu og og kannski jafnframt reykt. Ef farið er að með gát eru það kannski þeir sem mestan ávinning hafa af þrekþjálfun, en að undangengnum rannsóknum. Til eru maraþonhlauparar, sem hafa orðið það eftir kransæðastíflu og í Vestur-Þýskalandi er farið með hjartasjúklinga í skíðagöngu sem lið í endurhæfingu.

Einfallt þrekpróf er að hlaupa á staðnum í eina mínútu lyfta fótunum í 10—15 cm. frá gólfi í hlaup-



*Meiddir þú þig? ,,Ég veit það ekki enn, ég er ekki kominn niður."*




*Hér er sönnunin, skíðaganga er grennandi.*


VIÐ ERUM BÚNIR AÐ OPNA **STÆRRI OG BETRI BÚÐ**



**AÐVENTULJÓS ÚR PLASTI**
HVÍTT — RAUTT — BRÚNT
Verð kr. 495,00.



**AÐVENTULJÓS ÚR PLASTI**
HVÍTT — RAUTT — BRÚNT
Verð kr. 575,00.



**AÐVENTULJÓS ÚR TRÉ**
RAUTT — BRÚNT — ÓLITAÐ
Verð kr. 725,00.



**FURUSTJARNA Í GLUGGA**
Verð kr. 270,00.



**FURUSTJARNA Í GLUGGA**
verð kr. 365,00.



**FURUSTJARNA Í GLUGGA**
Verð kr. 365,00.



**SINCLAIR ZX SPECTRUM**
**48K TÖLVAN**
verð aðeins kr. *8.480,00.*



**SPECTRUM-FORRIT**
YFIR 30 TEGUNDIR
Verð frá kr. 390,00.



**BBC-TÖLVAN**
STÓR — ÖFLUG — FULLKOMIN
Verð kr. 31.200,00.

**Stórglæsilegt raftækjaúrval**

- ☆ Kaffivélar
- ☆ Brauðristar
- ☆ Straujárn
- ☆ Handþeytarar
- ☆ Ryksugur
- ☆ Eggjasjóðarar
- ☆ Pelahitarar
- ☆ Brauðhnífar
- ☆ Djúpsteikipottar
- ☆ Vöfflujárn
- ☆ Hrærivélasett
- ☆ Rakvélar
- ☆ Krullburstar
- ☆ Rafmagnspönnur
- ☆ Hitateppi
- ☆ Hitapúðar
- ☆ Sjónvörp
- ☆ Hljómflutningstæki
- ☆ Ferðaútvarpstæki
- ☆ Hljómplötur
- ☆ Vasadiscó
- ☆ Bílaútvörp
- ☆ Örbylgjuofnar
- ☆ Þvottavélar
- ☆ Þurrkarar
- ☆ Uppþvottavélar
- ☆ Ísskápar
- ☆ Eldavélar
- ☆ Saumavélar

PÓLLINN HF.

**Póllinn hf.**
Ísafirði — Sími 3792




Öll byrjun er erfið.

inu. Fari púlsin yfir 100 er þolið lélegt.

Skíðaiðkun uppfyllir þær kröfur, sem gerðar eru til þrekþjálfunar og þá sérstaklega skíðaganga, sem auk þess að styrkja útlima vöðva er þjálfun fyrir hjartað. Er skíðaganga áþekk sundi að því leyti. Í raun er aldrei of seint að byrja skíðaiðkun. Með því að njóta skíðakennslu er hægt að ná býsna góðri leikni á brekkuskíðum á tveimur vikum. Sagt hefur verið að sá sem geti hlaupið geti líka gengið á skíðum. Það er ekki alveg rétt. Tilsögn skiptir þarna líka máli og þar er erfiðara að leiðrétta vitleysurnar heldur en að læra það rétta frá byrjun.

Þeir sem stunda íþróttir hugsa yfirleitt meir um heilsuna. Aukakílóin verða meiri byrði og veitir ekki af öllu öndunarþolinu, sem reykningarnar taka toll af.

Framtíðin er skíðagöngumannsins er sagt.

En meðal annara orða, megum við biðja um auðveldar göngubrautir hér á svæðinu.

Bergþóra Sigurðardóttir

*Halldór Margeirsson:*

# Áskorun til göngumanna

Á sínum tíma, fyrst við byggingu skíðalyftnanna á Seljalandsdal og síðan við söfnun peninga til kaupa á snjótroðara fyrir skíðasvæðið, þá störfuðu hlið við hlið að þessum verkefnum bæði iðkendur skíðagöngu og alpagreina. Síðan sjótroðari kom til rekstrar á Seljalandsdal hefur okkur göngumönnum þótt við eiga sama rétt til þess að fá véltroðnar skíðabrautir til jafns við alpagreinaiðkendur og þá gjarnan vísað til áðurgreinds, en ég spyr eigum við enn þennan rétt?

Eins og allir vita þá er eitt að byggja eða kaupa íþróttamannvirki og annað að reka það. Til þess að fá notið áðurgreindra lystisemda, skíðalyftu og véltroðinna brauta, þurfa þeir er á svigskíðum renna sér að kaupa sér aðgang í skíðalyftuna, ýmist í formi dagskorta eða vetrarkorta. Til okkar göngumanna er erfiðara að ná, til þess að taka þátt í þessum sameiginlega rekstrarkostnaði. Tafsamt yrði sennilega að girða þær brautir er troðarinn leggði og síðan að selja aðgang að. Nei, hér hafa menn orðið að treysta á þegnskyldu okkar notendanna. Þess vegna hafa verið til sölu sérstök göngumannakort, sem eru árskort, og þeim ætlað að standa undir kostnaði við lagningu göngubrautanna.

Hvernig hafa nú göngumenn brugðist við þessum kortum á liðnum árum? Því miður verður það að segjast eins og er að hér höfum við of margir brugðist og skorist úr leik. Heldur er þó að aukast skilningur á þessu, en betur má ef duga skal.

Nú í byrjun vetrar vil ég skora á alla skíðagöngumenn að breyta nú afstöðu sinni til þessara mála, eða öllu heldur hugsa sinn gang, því allir þekkjum við mun þess að ganga í vel troðinni braut eða ótroðinni og með hvaða rétti krefjumst við þjónustu troðarans ef við erum ekki á sama tíma tilbúnir að greiða fyrir þjónustuna eins og aðrir verða að gera.

Þegar ég ræði um skíðagöngumenn á ég við alla þá er stunda skíðagöngu að jafnaði, hvort heldur sem keppnisíþrótt eða þá sem útivistar og heilsubótaríþrótt.

Göngumenn látum ekki okkar hlut eftir liggja svo að uppbyggingin á Seljalandsdal geti haldið áfram. Greiðum okkar hlut í rekstrinum.

Halldór Margeirsson






## Vetrarskoðun 1983

1. Hreinsuð geymasambönd
2. Mældur rafgeymir
3. Mæld hleðsla
4. Mótor þjöppumældur
5. Skipt um kerti
6. Skipt um platínur
7. Ath. loftsía
8. Mótorstilling
9. Ath. ljós og stilla
10. Ath. viftureim
11. Ath. þurrkublöð
12. Ath. ísvara á rúðusprautum
13. Ath. olíu á mótor
14. Ath. slag í kúplingu
15. Smurðar hurðalæsingar
16. Mældur frostlögur

*Innifalið í verði:*
Vinna, kerti, platínur, ísvari. Viljirðu fá skipt um olíu, borgarðu aðeins olíuna.

**FAST VERÐ**

4 cyl. kr. 1.463
6 cyl. kr. 1.785
8 cyl. kr. 2.080

Sími 3379

BÍLAVERKSTÆÐI ÍSAFJARÐAR hf.



*Óskum ísfirsku skíðafólki velfarnaðar á komandi vetri.*

Vélbáta-ábyrgðarfélag Ísfirðinga

ÓSKA STARFSMÖNNUM OG VIÐSKIPTAVINUM GLEÐILEGRA JÓLA.
ÞAKKA SAMSTARFIÐ Á LIÐNUM ÁRUM.

***DAVÍÐ HÖSKULDSSON***
*málarameistari.*

## Olíusamlag útvegsmanna

**Hafnarhúsinu, Suðurgötu**

***Nýkomið:***

LOFTPRESSUR 100, 200 og 300 ltr.
— borvél
— skrall
— höggskrall
— meitill
— pússikubbur
— málningarsprauta
— Tectylsprauta
— hreinsisprauta
— sandblásturssprauta
— smursprauta
— slanga
— fittings

## Hefur þú athugað hvað við getum gert fyrir þig?

***Vörumiðar***

**Límmiðar og allskonar merkimiðar á rúllum eða í örkum.**




***Eyðublöð***

**Rétt hönnuð eyðublöð spara dýrmætar vinnustundir.**

***Ljósritunarpappír***

**Fyrir þurrduftsvélar á mjög hagstæðu verði.**

Prentstofan Ísrún hf.
Aðalstræti 35 — Ísafirði — Sími 3223



## *Ísfirðingar — Nágrannar*



- *Mikið úrval af fiski og kjötvörum*
- *Mesta úrval bæjarins af kryddi og kryddsósum*
- *Fryst grænmeti*
- *Franskar kartöflur*
- *Sósur, pottréttir*
- *Hrísgrjón, spaghetti*
- *Niðursuðuvörur, margskonar*

**Verslið þar sem úrvalið er**
**Verslið í sérverslun**

ÍN BÚÐIN
SUNDSTRÆTI 34 ☎ 4013



# *Ísfirðingar Skíðafólk*

# Verið velkomin á Seljalandsdal

★ **Þrjár lyftur**

★ **Troðnar svigbrekkur**

★ **Troðnar göngubrautir**

★ **Skíðakennsla**

★ **Svefnpokagisting**

★ **Veitingasala**



Veitingasalan í Skíðheimum verður opnuð á nýja árinu.



Ísfirðingar, gleymið ekki að láta hin vinsælu **gjafakort** skíðalyftunnar með í jólapakkann.

Óskum öllum Ísfirðingum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



# Bikarkeppni Skíðasambandsins 1983

**Alpagreinar konur** — stig

| | |
|---|---|
| 1. Nanna H. Leifsd. | A 150 |
| 2. Guðrún H. Kristj.d. | A 120 |
| 3. Guðrún J. Magnúsd. | A 84 |

**Alpagreinar karlar** — stig

| | |
|---|---|
| 1. Guðm. Jóhannss. | Í 110 |
| 2. Daníel Hilmarsson | D 105 |
| 3. Björn Víkingss. | A 99 |

**Alpagreinar stúlkur 15 — 16 ára** — stig

| | |
|---|---|
| 1. Guðrún H. Kristj.d. | A 120 |
| 2. Guðr. J. Magnúsd. | A 110 |
| 3. Arna M. Malmquist | A 82 |

**Alpagreinar drengir 15 — 16 ára** — stig

| | |
|---|---|
| 1. Árni G. Árnason | H 125 |
| 2. Atli Einarsson | Í 91 |
| 3. Guðm. Sigurjónss. | A 85 |

**Alpagreinar stúlkur 13 — 14 ára** — stig

| | |
|---|---|
| 1. Snædís Úlriksd. | R 125 |
| 2. Kristín Ólafsd. | R 90 |
| 3. Arna Ívarsdóttir | A 73 |

**Alpagreinar drengir 13 — 14 ára** — stig

| | |
|---|---|
| 1. Björn B. Gíslason | A 125 |
| 2. Brynjar Bragason | A 115 |
| 3. Hilmir Valsson | A 72 |

**Bikarkeppni í skíðagöngu 1983.**

**Flokkur 20 ára og eldri, karlar** — stig

| | |
|---|---|
| 1. Einar Ólafsson | Í 100 |
| 2. Gottlieb Konráðss. | Ó 90 |
| 3. Þröstur Jóhanness. | Í 65 |

**Flokkur 17 — 19 ára, piltar** — stig

| | |
|---|---|
| 1. Finnur Gunnarss. | Ó 100 |
| 2. Egill Rögnvaldss. | S 67,5 |
| 3. Einar Yngvason | Í 66 |

**BIKARKEPPNI Í SKÍÐASTÖKKI 1983** — stig

| | |
|---|---|
| 1. Þorvaldur Jónsson | Ó 95 |
| 2. Haukur Hilmarsson | Ó 65 |
| 3. Ásgrímur Konráðss. | Ó 30 |


**Hönnun og ráðgjafa-þjónusta**

Tæknibjónusta Vestfjarða h.f.
Austurvegi 1, sími 3902





*Sendum ísfirskum skíðamönnum baráttukveðjur og óskir um góðan árangur á skíðamótum í vetur.*

**LANDSBANKI ÍSLANDS**
*Útibúið á Ísafirði*



Netagerð Vestfjarða hf.
Sími 3413



Óskum ísfirskum skíðamönnum velgengni í vetur.

Rækjustöðin hf.



Óskum vestfirsku skíðafólki góðs gengis á komandi vetri.

Olíufélagið hf.
Hafnarstræti 8
Ísafirði
Símar:
3990 og 3662



Sendum Viðskiptamönnum bestu jóla- og nýárskveðjur

TRÉSMÍÐA-VERKSTÆÐI DANÍELS KRISTJÁNSSONAR



***Mikið úrval af konfektkössum Kerti allskonar***

Niðursoðnir ávextir, blandaðir ávextir perur, ferskjur, apríkósur, ananas, jarðarber, mandarínur.

*Allt í baksturinn:*
Mikið úrval af alls konar möndlum og hnetum, marcipan, núgga.

GOTT VERÐ

**BJÖRNSBÚÐ**
Silfurgötu 1, Ísafirði
Sími 3032



**Engin máltíð án brauða**



**GAMLA BAKARÍIÐ**



HÖFUM ÁVALLT Á LAGER:
Rör, svört og galvaniseruð, bolta og múrbolta, ýmsar stærðir, eirrör, plötujárn, flatjárn, prófíla í öllum stærðum, öxulstál í flestum stærðum, vinkiljárn, skúffujárn, álplötur, flatál, prófílál.

**VÉLSMIÐJA ÍSAFJARÐAR**
Sundahöfn — Sími 3910

# Skíðafréttir af erlendum vettvangi

Nýtt hraðamet á skíðum var sett í sumar á Storm Peak hjá Silverton Colorado, U.S.A. Franz Weber 26 ára frá Innsbruck sló sitt fyrra met sem var 203 km. á klst. og náði nú 208.092 km. á klst.
Kirsten Culver U.S.A. setti nýtt kvennamet, 194,394 km. á klst. á sama stað. Þá vakti ekki síður athygli Bandaríkjamaðurinn Patrick Knaff 26 ára, sem missti annan fótinn í mótorhjólaslysi fyrir 4 árum. Hann fór brekkuna á 170,293 km. á klst. og Hakkinen 55 ára gamall finnskur keppnismaður í bruni, stóð þetta einnig með ágætum. Eruð þið með?

Efnilegasti skíðamaður Sovétríkjanna, Alexander Zirov 24 ára, fóst í bílslysi í Jachroma 70 km. suður af Moskvu í sumar. Rússar bundu miklar vonir við hann á Olympíuleikunum 1984. 1981 var hann 3. í heimsbikarkepninni, á eftir Mahre og Stenmark. Meiðsli á hné háðu honum á tímabili en hann var að ná sér upp.

Um Olympíuleikana er það að segja að mun auðveldara er fyrir skíðasmáþjóð að komast framarlega hvað röðun snertir, þar sem skíðarisar eins og Sviss og Austurríki mega aðeins senda 4 í hverja grein, og þátttakendur annarra þjóða reyna sig því á móti mun færri köppum en í heimsbikar- eða heimsmeistarakeppninni. Ákveðið hefur verið hvar heimsmeistarakeppnin 1985 og 1987 verður haldin. Alpagreinarnar verða í Bormino, rétt sunnan við svissnesku landamærin í norður Ítalíu og Crans Montana í Sviss, en norrænu greinarnar í Seefeld í Austurríki og Obertstdorf í V.—Þýskalandi.

Þótt heimsbikarkeppni kvenna og karla sé mestan hluta vetrar í sín hvorri áttinni, hefur það samt skeð að Hanni Wenzel, margsinnis heimsmeistari frá Lichtenstein, og austurríski brunkappinn Harti Weirather eru trúlofuð.

Það lítur út fyrir að Ken Read og Steve Pobborski verði ekki með í keppni í vetur, Steve er að nema stjórnmálafræði.

Í Austurríki eru um 10. 000 km. af troðnum skíðagöngubrautum á hverjum vetri. Alls staðar blasir við orðtakið „göngumenn lifa lengur“ eða „göngumenn eru hraustari“. Um 650 bæir bjóða upp á skíðagöngu og víða eru þetta samhangandi leiðir bæ frá bæ. Víða er hleypt kappi í göngumenn með verðlaunum eftir vissan kílómetrafjölda í ákveðinni braut. Þær liggja gjarnan meðfram lækjum og gegnum skóga, og eru merktar léttar, í meðallagi og erfiðar.

Treystið þið ykkur til að ganga 305 km. á 24 klst., frá kl. 14:00 á laugardegi til kl. 14:00 á sunnudegi? Þetta gerði Herbert Wachter frá Kärntern í Austurríki 1981. Náði hann þá 1,1 km. lengra en fyrra met sem Ítalinn Carlo Sala átti. 1982 sló þetta met Ítali, Franco Comai, gekk 333 km.

Nú æfir Wachter af öllum mætti gengur 45 km. á dag og hefur samtals gengið á skíðum og í gönguferðum 120.000 km., eða sem samsvar__ar þrisvar sinnum kringum jörðina. Hefur ýmist verið uppi í fjöllum eða bara í hring.
Í Rússlandi eru skráðir 2.733.233 göngumenn, konur og karlar, í 120.000 íþróttaklúbbum. Þar af eru 69.000 fyrsta flokks göngumenn og 1049 á alþjóða mælikvarða.

Komputer FIS spáir honum silfurverðlaunum í svigi á Olympíuleikunum ef Stenmark verður ekki með. Hver er það?

Það er hinn tvítugi Marc Girardelli f. 1963, frá Vorarberg í Austurríki. En nú lítur út fyrir að hann verði heldur ekki með. Hann var ekki valinn í austuríska landsliðið á sínum tíma, en faðir hans þóttist sjá hvað bjó í kauða, sem hefur og komið á daginn. Hann kom honum áfram sem keppanda fyrir Luxemburg. Í því tilefni var lögð gervibraut í furstadæminu árið 1981 til að glæða áhuga landsmanna á skíðaíþróttinni. Koller, forseti austuríska skíðasambandsins, vildi fá hann til að keppa í svigi í Sarajevo, og pabbi Girardelli samþykkti en aðeins með því skilyrði að hann keppti áfram í heimsbikarkeppninni fyrir Luxemburg. Því hafnaði Koller og Girardelli fer ekki til Sarajevo, því þar getur hann aðeins keppt fyrir föðurlandið.
Girardelli vann svig í Gällivara í bikarkeppninni í fyrra, 1,59 sek. á undan Stenmark, og var nr. 2. í stórsvigi í Aspen, á milli Phil Mahre og Stenmark og átti möguleika á 3. sæti í heimsbikarkeppninni, en gat ekki keppt í lokakeppninni vegna meiðsla og varð nr. 4.

Konur þeirra bræðra Steve og Phil Mahre, voru mættar á World Cup í fyrra með börn sín 9 og 11 mánaða í pokum framan á maganum. Það hafði gengið svolítið brösótt hjá Phil, hann gifti sig með árs millibili en það var hún Susan hans í bæði skiptin.
Stenmark fór víst í fýlu yfir því að sænska skíðasambandið var ekki tilbúið að borga fyrir fyrir förunaut hans, Ann Uvhagen, og allt þetta tal um Ann hefur tekið töluvert á taugarnar.

Christa Kinshofer óþægi krakkinn í þýska skíðalandsliðinu, 23 ára náði sér eitthvað aftur á strik í sumar og var 4. í Nýja—Sjálandi. En eftir að Þjóðverjarnir lækkuðu hana um set leitaði hún fyrir sér annars staðar og mun nú keppa fyrir Holland í vetur. Hún hlaut silfurverðlaun á síðustu Olympíuleikum.

Í versluninni

Gullauga

Silfurgötu 6, Ísafirði
Sími 3460

fæst ágætis úrval af skartgripum og gjafavörum.
Gleraugnaumgjarðir, gler og gleraugnahulstur.
Er með alhliða viðgerðaþjónustu og áletrun á ýmsa muni.

GULL- OG GLERAUGNASMIÐUR
Í GULLAUGA

Jólagjöf golfáhugamannsins fæst í Gullauga.
Golfvörur í miklu úrvali.



# SERIA s/f

Aðalstræti 27, Ísafirði,
sími 3072



ORIC-1 64kb
kostar aðeins *kr. 8.845,-*
Litprentari og diskettudrif fáanlegt á næstu dögum.
Ótal forrit fyrirliggjandi, leikir, viðskiptaforrit, kennsluforrit o.s.frv.

## PIONEER

*Tæki sem uppfylla ströngustu kröfur þínar.*

## ORIC-1

### Rökréttur valkostur

- Þægilegt lyklaborð
- Fullkomin litagrafík
- Háþróuð tónlistargeta, (6 oct.)
- Stórlega endurbætt Basic forritunarmál
- Ótal (allir) tengimöguleikar
- Sérlega einföld í meðferð
- Stílhreint útlit

*Óskum viðskiptavinum, starfsmönnum og öðru heiðursfólki gleðrilegra jóla og farsældar á nýja árinu.*

**FLÍSIN SF.**
Sími 3939-3598 Hjallavegi 21
Verktakaþjónusta

**Skipa-afgreiðsla Gunnars Jónssonar**
Austurvegi 2 Ísafirði

Afgreiðsla:

**Ríkisskip**
**Hafskip**

Mikið úrval af blásurum og viftum.

*BLIKKSMIÐJA ERLENDAR*
*PÓSTHÓLF 173 — 400 ÍSAFIRÐI*

*GUÐMUNDUR ÞÓRÐARSON*
*HÚSASMÍÐAMEISTARI*
Sunnuholti 1 Ísafirði.

Óska starfsmönnum og viðskiptamönnum gleðilegra jóla og nýárs með þökk fyrir samstarfið og viðskiptin.

*ÓSKUM ÖLLU SKÍÐAFÓLKI VELFARNAÐAR Á ÁRINU*

**Blómabúðin**

Óskum ísfirskum skíðamönnum velgengni í vetur.

Rækjuverksmiðjan
Hnífsdal

Óskum starfsfólki og viðskiptamönnum gleðilegra jóla og nýárs með þökk fyrir samstarfið og viðskiptin á liðnu ári.

Djúpbáturinn hf.

BRÚAR-NESTI
ÍSAFIRÐI
*OPIÐ FRÁ KL. 13:00 TIL KL. 23:30*
*VERIÐ VELKOMIN*
BRÚAR-NESTI
SÍMI 94-4322



**skynsamt fólk velur traust tryggingafélag**



SAMVINNUTRYGGINGAR GT
ÍSAFIRÐI
Austurvegi 2, II. hæð sími 3555.

Gunnvör hf.

*Þröstur Jóhannesson:*

# Á gönguskíðum

Almenn:

Nú síðustu árin eru fleiri og fleiri farnir að stunda skíðagöngu sér til skemmtunar og hressingar en áður og nokkrir er sækja „dalinn" stíft eru farnir að hafa með sér hvorttveggja svig- og gönguskíði og skipta yfir þegar biðraðir fara að myndast við lyfturnar. Þá voru margir sem notfærðu sér ljósin og brautirnar á Torfnessvæðinu í fyrravetur og þar voru m.a. haldin kvöldnámskeið fyrir byrjendur í skíðagöngu sem um 60 manns sóttu og komust færri að en vildu. Ánægjulegt er að sjá þessa þróun sem heldur vonandi áfram. Það má öllum ljóst vera að betra er að geta haft einhverja ánægju og not af öllum þessum snjó sem kemur á hverjum vetri en að láta hann eingöngu fara í taugarnar á sér.

Ég vil því hvetja enn fleiri en áður hafa reynt, að fara á skíði í vetur og ekki er víst að langt þurfi að fara til að bregða sér á gönguskíðin. Eitt er þó sem margir setja fyrir sig varðandi skíðagöngu en það er skíðaáburðurinn og „baslið" við notkun hans. Við ykkur vil ég segja eftirfarandi.
andi.

Það er langt síðan skíða og áburðarframleiðendur gerðu sér þetta ljóst og hafa í nokkurn tíma og eru að þróa skíði sem ekki þarf að bera á og í dag fást þannig skíði í flestum skíðaverslunum, einnig er til að markaðnum áburður í tveimur staukum sem gildir fyrir öll færi og allir gerðir af snjó og er einfaldur í notkun. Það þarf ekki að vera nauðsynlegt að eiga ný og flott skíði ef áburðurinn er við hendina þá er galdurinn í því fólgin að koma sér til að byrja.

Tilgangurinn er fyrir utan ánægjuna að fá sér góða hressandi hreyfingu sem margir þarfnast. Vonandi sjáum við þessir mörgu skíðagönguiðkendur, enn fleiri koma og njóta þess sem útiveran og hreyfingin veitir okkur.

Sérhæfð:

Nú er margt er bendir til þess að skíðaganga sem keppnisíþrótt sé í uppvexti hér á Ísafirði. Allgóður og samstilltur hópur hefur æft vel og reglulega síðan í júlí og það hefur verið gaman að standa álengdar og sjá framfarir hjá hinum ýmsu einstaklingum í hópnum. Þá er víst að unglingarnir sem leggja svo hart að sér við erfiðar og á stundum leiðinlegar æfingar sem óhjákvæmilegar þurfa að vera ef ná á árangri í íþróttum, hafa orðið að fórna einhverju af hinni spennandi tómstunaiðju er fram fer



hér í bæ. Óhætt er að þakka Einari Ólafssyni fyrir að halda utan um liðið í sumar og n.k. febrúar hefjast skíðamótin þar sem menn uppskera erfiðið. Af Einari Ólafssyni er það að segja að hann hefur æft vel og kerfisbundið í nokkur ár og á honum er nú að sannast einu sinni enn gamla máltækið um æfinguna og meistarann. Einar er nú Íslandsmeistari í 15 og 30 km. skíðagöngu og bikarmeistari SKÍ (Skíðasambands Íslands) í sinni grein, hann er nú í Svíþjóð og æfir með sænska landsliðinu í skíðagöngu og stefna hans nú í vetur er fyrst og fremst á Olympíuleikana í Sarajevo Í Júgóslavíu sem munu standa sem hæðst um miðjan febrúar eða um sama tíma og skíðamótin okkar hér eru að hefjast. Einar verður með Svíum fram undir hátíðarnar og fer þá yfir til Geilo í Noregi og verður þar fram á nýárið. Þá er rétt að geta þess að við eigum annar Einar sem er Yngvason og hann ásamt frænda sínum Guðmundi Rafni Kristjánssyni hafa dvalið í Svíþjóð og fyrir nokkru voru þeir upp í Kiruna í norður Svídþjóð við æfingar og þeim samtíma þar voru margir sterkustu skíðagöngumenn heims við æfingar með landsliðum sínum. Þeir frændur munu eins og Einarr Ólafsson vera í Geilo um jól og áramót og koma síðan heim í febrúar.

Þá eru á leiðinni út til Geilo í lok des. meirihlutinn af hópnum sem eftir er hér heima og æft hefur svo stíft í sumar og haust og mun vera þar fram í janúar og æfa undir leiðsögn norsk þjálfara. Þeir sem eru á útleið eru Bjarni Gunnarson, Brynjar Guðbjartsson, Heimir Hansson, Auður Ebenesersdóttir, Ósk Ebenesersdóttir og Stella Hjaltadóttir.

Af þessari upptalningu má sjá að skíðagöngulið Ísfirðinga er sterkt og ungt og til staðfestingar má rifja upp að Stella Hjaltadóttir er unglingameistar og Íslandsmeistari í flokki 16—18 ára stúlkna, hún vann öll sín mót í fyrra og gekk á besta tíma í boðgöngu kvenna á Skíðamóti Íslands í fyrra. Auður er ekki langt að baki Stellu og fylgdi henni fast eftir á unglingameistaramótinu í fyrra og hafnaði í 2. sæti og systir hennar Ósk varð 3ja á sama móti. Þessar stúlkur hafa nú þroskast og styrkst síðan í fyrra og fróðlegt verður að fylgjast með þeim í vetur. Bjarni og Brynjar eru sterkari en fyrr og í fyrra átti Bjarni nokkrar góðar göngur og komst í verðlaunasæti á bikarmóti unglinga á Ólafsfirði. Heimir er sá sem þarf að bæta sig því keppnin í hans flokki er greinilega hörð og jöfn. Hann hefur stundað æfingar ef elju og dugnaði og uppsker vonandi eftir því. Af þeim sem æft hafa reglulega eru eftir tvær stúlkur sem eru ekki síður harðar og duglegar við æfingarnar en hin, þær eru Brynhildur Gunnarsdóttir og Eyrún Ingólfsdóttir. Þær verða hér heima og halda sínum æfingum áfram hér.

Nú þegar skíðagangan virðist vera í uppgangi hér eftir nokkurt hlé er rétt að reyna að hjálpa til með þessari þróun og stuðla að því að gera íþróttina líflegri og fá fleiri til liðs við þann sterka kjarna keppnisfólks er kominn er. Það verður m.a. gert með því að fá fleiri fullorðna til að stunda skíðagönguna því þá fara börn og unglingar að koma með og halda þarf uppi kennslu fyrir þetta fólk með námskeiðum. Einnig þarf að kynna þessa íþrótt betur með því að halda keppnir á stöðum þar sem auðvelt er fyrir almenning að komast að og fylgjast með, t.d. í Tungudal þegar snjór er þar eða jafnvel inni í hverfi eða úti í bæ. Hafa þarf troðnar brautir fyrir hinn almenna skíðagönguiðkanda helst á þremur stöðum í bænum, í Hnífsdal eða meðfram Hnífsdalsvegi, á Torfnessvæðinu og inni í Holtahverfi t.d. á Góustaðatúninu ef Siggi Sveins segir ekki nei. Reyndar var reynt að hafa braut á Torfnessvæðinu í fyrravetur og gafst það vel á meðan snjórinn entist. Málið er þó það að til þess að gera brautirnar þarf snjósleða og fyrir hann þarf að greiða. Hingað til þegar snjótroðarinn okkar hefur gert slóð fyrir skíðagöngumenn þá hefur sá hluti rekstursins verið greiddur af lyftukortum og þeim er nota lyfturnar. Þetta er hinsvegar ekki sanngjarnt og því voru fundin upp svokölluð göngukort til sölu og ætluð þeim er „stunda" skíðagönguna. Undanfarin ár hefur gengið mjög treglega að koma þessum kortum út og það gert það að verkum að göngumenn geta í sjálfu sér ekki gert neinarr kröfur til þess að það sé farið eftir þeirra óskum varðandi brautarlögn. Nú skora ég á alla er stunda skíðagöngu og vilja geta gengið í góðri slóð að tryggja sér göngukort þegar þau verða til sölu í vetur og kannski ef menn verða samhentir í þessu efni að við getum séð fram á að troðnar brautir verði á áðurnefndum stöðum.

Sjáumst í vetur Þröstur Jó.


NÝR PAJERO
SUPER WAGON 1984
MITSUBISHI




HEKLA HF
Laugavegi 170-172 Sími 21240

Sími 3837
BÍLAVERKSTÆÐI ÍSAFJARÐAR

Vöruval
matvöruverslun
Búð sem stendur undir nafni.
Vöruval
Sími 4211, Ljóninu, Skeiði

*Þorlákur B. Kristjánsson:*

# Haustþing Skíðasambands Íslands á Húsavík

Haustþing S.K.Í. var haldið á Húsavík dagana 28.og 29 okt. Að hálfu S.R.Í. sóttu þingið Sigurður Gunnarson, Hermann Hákonarson, Valur Jónatansson og undirritaður. Eitt þeirra mála sem rædd voru á þingi þessu voru fjármál S.K.Í. Eins og flestir vita er eitt viðamesta starf íþróttaforystunar að afla fjár til starfsemi sinnar og þar á stjórn S.K.Í. mikið verk fyrir höndum. Ef við íhugum þann mismun sem t.d. knattíþróttirnar og skíðaíþróttin hafa til öflunar fjár, þá liggur það ljóst fyrir að á meðan ekki verður selt inn á mót, mun fjárvana Skíðasamband standa íþróttinni fyrir þrifum. Ein þeirra leiða sem S.K.Í. hefur farið til öflunar tekna er útgáfa skíðablaðs. Við þá útgáfu eru bundnar miklar vonir, bæði sem sérrits og til öflunar tekna. Því var það á fyrrnefndu þingi samþykktu fulltrúar að vinna blaði þessu fylgis í sinni heimabyggð. Það er því von mín að þeir sem vilja öflugt skíðasamband leggi blaði þessu lið, sjálfum sér og öðrum til gagns og ánægju.

Með kveðju
Þorlákur B. Kristjánsson


**Slysatryggingar**

**Við bjóðum hagstæð iðgjöld á öllum slysatryggingum**

Nánari upplýsingar hjá umboðsmönnum eða aðalskrifstofu.

**BRUNABÓTAFÉLAG ÍSLANDS**
Ísafjarðarumboð
Aðalstræti 22 — Sími 3164



**Pensillinn**
Hafnarstræti 1, Ísafirði — Sími 3221

Nýkomið:
*Gólfteppi*
*Gólfdúkar*
*Veggdúkar*
*Veggstrigi*
*Dreglar og mottur o.fl.*

Allar málningarvörur og verkfæri.

*Opið laugardaga 10:00—12:00.*





Tökum að okkur alla almenna trésmíðavinnu

HILMAR & SIGMUNDUR
Símar: 3448 og 4113



**Nýkomið**

**Tágavörur og frottelök með teygju.**





**Húsgagnaverslun Ísafjarðar**
AÐALSTRÆTI 24, 400 ÍSAFJÖRÐUR, SÍMI 3328, PÓSTHÓLF 80.



**Óskum ísfirsku skíðafólki góðs gengis á komandi vetri**

Gísli Guðmundsson s.f.





Kötunar-þjónusta

Hafsteinn Ingólfsson
Hjallavegi 7, Ísafirði
Sími 3878
Vinnusími 3711



***Óskum ísfirskum skíðamönnum velgengni í vetur.***

NIÐURSUÐUVERKSMIÐJAN HF.
TORFNESI






**Verslunin Eplið**
**Ísafirði sími 3103**





*Óskum vestfirsku skíðafólki góðs gengis á komandi vetri.*





**FORM sf.**
Hlíðarvegi 7,
Ísafirði,
sími 3881 og 3133
Nnr. 2367-2146
BYGGINGAVERKTAKAR — ÍSAFIRÐI





*Ilmvötn í miklu úrvali*
*Bestu tegundir*

DIOR
JONTUE
CHARLIE
ANAIS ANAIS
IVORE de BALMAIN
MAGIE NOIRE
FIDJI

TURBULENCE
HALSTON
CLOE
AFTER DARK
BLASÉ
NINA RICCI
SOIR de PARIS
OSÉ
LIBERTY o.fl.

**Ísafjarðar apótek**

HRAFNKELL STEFÁNSSON SÍMI 3009 · PÓSTHÓLF 14 · ÍSAFIRÐI

# Hvað er spar?

## Gæðavara á góðu verði

*Meiri verðmæti fyrir peningana okkar*

Spyrjið um SPAR vöru í matvöruverslunum á Vestfjörðum

SPAR

Sendum Ísfirðingum bestu jóla- og nýárskveðjur

***SUND SF.***

Óskum starfsmönnum og viðskiptavinum gleðilegra jóla

Þakka samstarfið á liðnum árum.

Rækjuverksmiðja Gunnars Þórðarsonar

HN



ÚTGERÐ ◎ FISKVINNSLA
KJÖTVINNSLA ◎ VERZLUN

**HRAÐFRYSTIHÚSIÐ NORÐURTANGI HF**

☎ (94)4000-4009

# SKÍÐAFERÐIR

**Zillertal** í Austurríki er meðal þekktustu skíðasvæða í Evrópu. Þar eru bæirnir **Mayrhofen** og **Finkenberg,** áfangastaðir **Flugleiða** í vetur. Skíðaaðstaðan þarna er frábær og hentar öllum. Skammt frá er hinn tignarlegi **Hintertux**-jökull, þar er annað af tveimur bestu skíðasvæðum Evrópu. Skíðalandslið Austurríkis, Íslands og Noregs hafa verið þar við æfingar. Fararstjóri í skíðaferðunum verður **Rudi Knapp,** fæddur og uppalinn í Tíról. Hann er kunnur skíðakennari og talar ágæta íslensku. Fjöldi lyfta sjá um að flytja þig í þína óskabrekku, bratta eða aflíðandi, í troðna slóð eða lausamjöll. Að loknum góðum degi á skíðum er gott að láta líða úr sér á einhverju veitingahúsinu, í sundi eða sauna. Í skíðaferð safna menn kröftum og koma endurnærðir heim.

**Dæmi um verð:**

**Finkenberg:** *Sporthotel Stock,* frá kr.**25.531.-** Verð miðað við gistingu pr/mann í 2 manna herbergi. Hálft fæði.
*Íbúðir.* Verð frá kr. **19.744.-** pr/mann. Miðað við 4 í íbúð.

**Mayrhofen:** *Café Traudl,* verð kr.**22.619.-**Verðið er miðað við gistingu pr/mann í 2 manna herbergi. Hálft fæði.

Ef þú hefur áhuga á að fá frekari upplýsingar um skíðaferðirnar í vetur skaltu hafa samband við einhverja söluskrifstofu Flugleiða, umboðsmann eða ferðaskrifstofu.

Ferðaskrifstofa Vestfjarða hf.
Ísafjörður Tourist Bureau
Símar 94-3457 og 94-3557



Verðútreikningar miðaðir við gengi 30.10. 1983.

# Vertu klár í slaginn!






Verð frá kr.

| | |
|---|---|
| Svigskíði | 1084 |
| Gönguskíði | 2195 |
| Skíðagönguskór | 1138 |
| Göngubindingar | 187 |
| Stafir | 295 |
| Bindingar | 1178 |
| Skíðaskór | 1090 |

*Gerið verðsamanburð.*
**Opið á laugardögum kl. 9:30—12:00.**

FISCHER
TYROLIA
DACHSTEIN
adidas

## TOPPmerkin í skíðavörum

Símefni: Vélar
Sími 3711 og 3041
VÉLSMIÐJAN ÞÓR HF.
400 Ísafjörður
Pósthólf 69
Nnr. 9355-0609

## Klifur- og gönguskór




Símefni: Vélar
Sími 3711 og 3041
VÉLSMIÐJAN ÞÓR HF.
400 Ísafjörður
Pósthólf 69
Nnr. 9355-0609

**IFÖ og GUSTAVSBERG**
**hreinlætistæki**
**GROHE og DAMIXA**
**blöndunartæki.**
**METABO**
**rafmagnshandverkfæri**
**Mikið úrval.**

Rörverk HF Ísafirði

**Verslun Fjarðarstræti 16, Ísafirði sími 3298**

ÍSHÚSFÉLAG ÍSFIRÐINGA HF.

ÍSFIRÐINGAR
VESTFIRÐINGAR

**HLJÓÐKÚTAR**
**DEMPARAR**
**KÚPLINGS-DISKAR**
**SKÚFFUMOTTUR**
**SKÍÐAGRINDUR**

ÞETTA ÁSAMT
MÖRGU ÖÐRU
HÖFUM VIÐ
Á LAGER.
LÍTIÐ INN
ÁÐUR EN ÞÉR
LEITIÐ ANNAÐ.

**RAF HF.**
**Sími 3279**

**ENDURSKOÐUNAR- OG BÓKHALDSSTOFA**

**GUÐMUNDAR E. KJARTANSSONAR**

**Löggiltur endurskoðandi**
**Silfurgötu 1, Ísafirði**
**Sími 3142.**

**Komið tímanlega með fötin í hreinsun fyrir jólin.**

**Þurr-hreinsunin**

**Silfurgötu 9.**
**Sími 3540.**


**Útgefandi**
**FERSKÍ**
**Ferðasjóður skíðamanna**
**Ábyrgðarmaður:**
**Arnór Magnússon**

# Eftir gagngerar breytingar höfum við opnað nýja og glæsilega verslun!



## Við bjóðum ykkur fjölbreytt úrval ljósa og lampa

***Loftljós - Veggljós - Borðlampar***
***Standlampar - Kastarar***
***Blómaljós af ýmsum gerðum***

## Hvergi meira úrval ljósa á Vestfjörðum!



## Hjá okkur fáið þið heimilistæki af öllum tegundum

***Eldavélar - Eldhúsviftur - Örbylgjuofna Ísskápa - Frystikistur - Frystiskápa - Uppþvottavélar - Þvottavélar - Þurrkara - Ryksugur Hrærivélar - Handþeytara - Brauðristar - Kaffivélar - Straujárn.***



## Gjafavara við allra hæfi

*Kristal- og glervara frá* **TÉKK-KRISTAL**
*Keramik-vara frá* **GLIT**
*Hin vinsæla* **ARABIA** *glervara*
*Vandaðar danskar trévörur*

## Verslið þar sem úrvalið er

**straumur HF** *Silfurgötu 5 - Ísafirði - Sími 3321*



GÓLFPARKET

ÓSKIR NÚTÍMAMANNSINS ÚR HEIMI NÁTTÚRUNNAR.

KAUPFÉLAG ÍSFIRÐINGA
BYGGINGAVÖRUDEILD
GRÆNAGARÐI SÍMI 3972



Eir h.f.
Útgerðarfélag.

Nýkomin sending af
VINYL VEGGFÓÐRI

HÖRPUSILKI
í tískulitunum

POLYTEX
í óskalitunum

G.E.
SÆMUNDSSON HF.
málningarvöruverslun
sími 3047

HAFSTEINN VILHJÁLMSSON
UMBOÐSVERSLUN NNR:3520-3508 SÖLUSK.NR: 4097
HLÍÐARVEGI 28, ÍSAFIRÐI

*Vöruafgreiðsla:*
**Fjarðarstræti 20, sími 3207 — Sjálfvirkur símsvari**

*Söluumboð fyrir eftirtalin fyrirtæki:*
**Barnasalan sf., Plastprent hf., Skipholt hf., Mjöll hf., Papco hf., Tæknivörur hf., Rekstrarvörur, Límmerki sf., Þýsk-íslenska verslunarfélagið**
(Marabo , Esrella, Varta)

*Einnig:*
**Umboð fyrir almennar tryggingar á Ísafirði, Súðavík, Suðureyri**



*Vandaðar vörur á viðráðanlegu verði*

*Skíðafatnaður í úrvali fyrir göngu og svig. T.d. úlpur, strectsbuxur, göngugallar, húfur, hanskar.*



SVIGSKÍÐI: *Allar stærðir, margar gerðir.*
*Verð frá kr. 2095 fyrir börn.*
*Verð frá kr. 2495 fyrir fullorðna.*
GÖNGUSKÍÐI: *Stærðir frá 140 cm til 215 cm.*
*Verð frá kr. 1270 fyrir börn.*
*Verð frá kr. 1910 fyrir fullorðna.*
BINDINGAR: *Fyrir svig, verð frá kr. 1267.*
*Fyrir göngu, verð frá kr. 160.*
SKÍÐASKÓR: *Fyrir byrjendur jafnt sem keppendur.*



*Íþróttagallar verð frá kr.1075. Trimmgallar verð frá kr. 1260. Félagabúningar, t.d. Liverpool og Man. United*

*Skíðastafir*
*Skíðagleraugu*
*Skíðaáburður*
*Áburðartöskur*
*Brýni*
*Sköfur*

*Allur skíðabúnaður á sama stað*

SPORTHLAÐAN H.F.
SILFURTORGI 1
400 ÍSAFIRÐI
SÍMI 4123